



Velferðarríkið frá norrænum sjónarhóli

Formennskuáætlun Norðmanna í
Norrænu ráðherranefndinni 2012





Velferðarríkið frá norrænum sjónarhóli

Formennskuáætlun Norðmanna í Norrænu ráðherranefndinni 2012

ANP 2011:725

© Norræna ráðherranefndin, Kaupmannahöfn 2011

ISBN 978-92-893-2268-3

Hönnun: Jette Koefoed

Kápu mynd: Ojo Images

Ljósmyndir:

bls. 2,10,28,31: Karin Beate Nøsterud

bls. 14,17,19: Ojo Images

bls. 21,27: ImageSelect

bls. 24: Johannes Jansson

Prentuð eintök: 300

Prentun: Arco Grafisk, Skive

Prentað á pappír sem uppfyllir strangar umhverfiskröfur og má merkja með svaninum, norræna umhverfismerkinu.

Rítið má panta á www.norden.org/order.

Fleiri rit eru á www.norden.org/publikationer

Printed in Denmark



Norræna ráðherranefndin

Ved Stranden 18

DK-1061 København K

Sími (+45) 3396 0402

Norðurlandaráð

Ved Stranden 18

DK-1061 København K

Sími (+45) 3396 0400

www.norden.org

Norrænt samstarf

Norræna samstarfið er eitt umfangsmesta svæðasamstarf í heiminum. Samstarfið byggir á landfræðilegri legu, sameiginlegri sögu og menningu og nær til Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar auk Álandseyja, Færeyja og Grænlands.

Norræna samstarfið er pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt og skiptir miklu í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Í norrænu samstarfi er unnið að því að styrkja stöðu Norðurlanda í sterkri Evrópu.

Með norrænu samstarfi er unnið að því að efla norræna og svæðisbundna hagsmuni í alþjóðlegu umhverfi. Sameiginleg gildi landanna styrkja stöðu Norðurlanda og skipa þeim meðal þeirra svæða í heiminum þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.



Velferðarríkið frá norrænum sjónarhóli

Formennskuáætlun Norðmanna í
Norrænu ráðherranefndinni 2012

1. Atvinna og sjálfbær velferð 11

Aðlögun og aukin atvinnuþátttaka

Gæði í heilbrigðis- og umönnunarbþjónustu

Norrænn matur, heilsa og lífsgæði

Menning og aðlögun

2. Grænt hagkerfi, þekking og nýsköpun 18

Loftslagsmál og grænn hagvöxtur

Rannsóknir, menntun og nýsköpun

Norrænn sköpunarkraftur

3. Norræn samheldni 25

Tungumál

Jafnréttismál

Stjórnsýsluhindranir

Formáli

Norðmenn gegna formennsku í samstarfi norrænu ríkisstjórnanna hjá Norrænu ráðherranefndinni á árinu 2012. Í því felast áskoranir og tækifæri. Mér er sönn ánægja að kynna formennskuáætlun Noregs en þar höfum við valið að beina kastljósinu að framþróun velferðarríkisins frá norrænum sjónarhóli.

Mörg erfið mál bíða úrlausnar í löndunum og samstarfi þeirra í byrjun árs 2012. Norðurlönd hafa ekki farið varhluta af þeirri efnahagskreppu sem vofir yfir Evrópu. Sótt er að velferðarríkjum okkar allra. Norrænu þjóðirnar verða því að bregðast sameiginlega við þeim áskorunum og efla samstarf sitt enn frekar.

Norðmenn vilja vinna áfram að því að norrænt samstarf eigi sterkan hljómgrunn meðal almennings. Atvinna og sjálfbær velferð eiga samleið og því verður að viðhalda háu atvinnustigi til þess að tryggja að allir fái notið vaxandi hagsældar. Jafnrétti og jöfnuður eru einnig grunngildi í vönduðum velferðarlausnum og sjálfbærri samfélagsþróun.

Norðmenn ætla á formennskuárinu að beita sér fyrir því að Norðurlönd verði áfram brautryðjendur í heiminum. Það á ekki síst við um grænt hagkerfi þar sem hagnætur reynir ekki á þolmörk náttúrunnar. Í því sambandi verður hugað sérstaklega að samspili menntunar, rannsókna og nýsköpunar, en einnig sjálfbærum heilbrigðis- og velferðarlausnum.

Milliríkjasamstarf og afnám stjórnsýsluhindrana eru þungamiðja í norrænu samstarfi. Efla má aðlögunarhæfni á norrænum vinnumarkaði enn frekar og auka aðdráttarafl hans. Þá teljum við að tryggja beri hreyfanleika námsfólks á Norðurlöndum.

Tungumálin tengja Norðurlandaþjóðirnar. Norræn samkennd og menningar-tensl eru best tryggð með því að hlúa stöðugt að lifandi tungumála-samfélagi á Norðurlöndum.

Norræna ráðherranefndin þarf sífellt að taka mið af samfélagsbreytingum og á árinu 2012 má vænta þess að samstarfið taki kipp og kalli á breytingar. Norðmenn bíða þess með eftirvæntingu að leggja þar hönd á plóg í nánú samstarfi við Norðurlandaráð.



Jens Stoltenberg
forsætisráðherra

Rigmor Aasrud
samstarfsráðherra

Inngangur

Velferðarríki Norðurlanda hafa vakið töluverða athygli víða um heim á undanförunum árum og hafa mörg önnur lönd tekið þau sér til fyrirmyndar. Hátt velferðarstig og jöfnuður samfara öflugri samkeppnis- og aðlögunarhæfni hafa einkum sannað sig í sífelldu hnattvæddari heimi. Áhersla á jafnréttisþjóðfélag með þátttöku kvenna til jafns á við karla er þungamiðjan í sjálfbæru velferðarríki. Við verðum að standa vörð um velferðarlíkanið í norrænu samstarfi og framþróun þess ef við eigum að vera í stakk búin til að takast á við helstu viðfangsefni samtímans.

Töluverðar áskoranir blasa við norrænu velferðarríkjunum á næstu árum. Sjálfbært velferðarríki finnur fyrir efnahags- og félagslegri þróun og umhverfisbreytingum. Bregðast þarf við hækkandi meðalaldri almennings, aukinni samkeppni og fólksflutningum vegna hnattvæðingar og afleiðingum loftslagsbreytinga. Enn ríkir mikil óvissa um efnahagsþróun í ríkjum okkar sem og um heim allan.

Sjálfbært velferðarríki frá norrænum sjónarhóli og framþróun þess er meginþráður í formennsku Norðmanna í Norrænu ráðherranefndinni á árinu 2012.

Norðmenn munu á formennskuárinu fjalla um viðfangsefni, sem blasa við norrænu velferðarríkjunum, hvernig við getum tekist á við þau með því að skoða gangverk velferðarríkisins og hvernig hið opinbera getur leyst verkefni sín á skilvirkari hátt. Það á einnig við um samstarf hins opinbera við aðila vinnumarkaðarins og aðra, þar á meðal félagasamtök, til að leita sameiginlegra lausna, sem sátt ríkir um í þjóðfélaginu.

Velferð á Norðurlöndum byggist á sköpun verðmæta og skiptingu þeirra. Norðmenn munu á formennskuárinu leggja áfram norræna áherslu á grænt hagkerfi í heiminum sem byggir á þekkingu. Við viljum leggja okkar af mörkum til að auka hæfni til nýsköpunar og tryggja atvinnu á Norðurlöndum. Þá verðum við að vinna áfram að því að gera vinnumarkaðinn fjölskylduvænan og aðgengilegan, fyrirbyggja brottfall, auðvelda ungu fólki að ná fótfestu á vinnumarkaði og skapa góðar almannatryggingar og jöfnuð í heilbrigðismálum fyrir almenning á Norðurlöndum. Lífsgæði almennings eru dýrmæt gildi og samfélagslegt verkefni sem sjálfbæru velferðarríki ber að leysa. Norðmenn munu á formennskuárinu vekja máls á mikilvægum lýðheilsu- og velferðarþáttum.

Norrænn tungumálaskilningur er nú minni en áður. Nýjar rannsóknir sýna að skilningi á tungumálum norrænu grannþjóðanna hefur farið aftur. Menningartengsl okkar og norræn samkennd verða aðeins treyst ef okkur tekst að viðhalda lifandi tungumálasamfélagi á Norðurlöndum.

Öll samstarfssvið Norrænu ráðherranefndarinnar skipta máli fyrir þróun norræns velferðarsamfélags og verður nánar gert grein fyrir því í formennskuáætlunum á hverju sviði. Það á við þar sem þjóðirnar geta lært af verkum hver annarar og þar sem norrænt samstarf getur leitt til sameiginlegra lausna.



1. Atvinna og sjálfbær velferð

- Breið þátttaka og aðgengi allra að samfélaginu og vinnumarkaðnum er greiðasta leiðin til verðmætasköpunar og velferðar.
- Velferðarlausnir tryggja jafnari skiptingu tekna og líf skjara, þær skapa örugg uppvaxtarskilyrði, góða heilsu og líf skjör, traustar heimilis- aðstæður og koma í veg fyrir að fólk lendi á jaðrinum eða utangarðs. Góðar lausnir á sviði velferðar, heilsu og umönnunar eru mikilvægir þættir í sjálfbæru velferðarríki.
- Holt mataræði og mataránægja, gæði vatns og virkur lífsstíll hefur áhrif á lífsgæði einstaklingsins, sem og framþróun velferðarríkisins.
- Þekking og menntun ráða úrslitum um hvort einstaklingnum tekst að stefna að markmiðum sínum og nýta það, sem hann hefur til brunns að bera. Menntun og aukin hæfni hafa örvandi áhrif á hlutdeild í atvinnulífi og lýðræði.
- Nútímalegt velferðarþjóðfélag auðveldar fólki aðgengi að menningu og þátttöku í menningarlífi.

Aðlögun og aukin atvinnuþátta

Vinnumarkaður fyrir alla

Fjölskylduvænn og aðgengilegur vinnumarkaður er meginatriði í formennsku-áætlun Norðmanna. Til þess þarf góða lýðheilsu, vinnuaðstæður og umhverfi, sem stuðla að góðri heilsu og starfsgetu einstaklingsins alla ævi. Búa þarf þannig um hnútana að sem flestir hafi áhuga á og geti tekið þátt á vinnumarkaði. Því markmiði skal náð m.a. í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins og aðra mikilvæga aðila í þjóðfélaginu.

Atvinnuþátttaka á Norðurlöndum er ein sú mesta í heimi. Engu að síður er stór hluti vinnufærra manna utan vinnumarkaðar. Hlutfall fjarvista vegna veikinda, örorkuþega og annarra bótaþega er hátt. Atvinnuþátttaka er mikilvæg og hefur áhrif á heilsu fólks. Menntun bætir heilsuna og símenntun kemur í veg fyrir ótímabær starfslok. Menning getur verið leið til að skapa gott vinnuumhverfi og draga úr veikindum og brottfalli á vinnumarkaði.

Sumar starfsstéttir eru undir meira vinnuálagi en aðrar, og í ákveðnum atvinnugreinum eru vinnuskilyrði og félagslegt undirboð óásættanleg. Norðmenn vilja á formennskuárinu leggja áherslu á að við berum saman reynslu okkar af því hvernig má fyrirbyggja heilsutjón og breyta vinnu-umhverfi, skapa atvinnu fyrir alla, auka framleiðni og fyrirbyggja veikinda-forföll og ótímabær lok starfsævinnar.

Hreyfanleiki vinnuafis innan Norðurlanda og vinnumarkaðarins annars staðar í Evrópu er einstaklingnum hagstæður og stuðlar að hæfu og fjölbreyttu vinnuafli. Eins þarf að aðlaga þá innflytjendur að vinnumarkaði, sem þegar eru búsettir í löndunum. Vinnumarkaður á að vera öllum opin og því ber að bæta vinnuaðstæður, umhverfi og öryggi á vinnustöðum. Þannig laðar vinnumarkaðinn að sér vinnuafli frá öðrum löndum.

Aðlögun ungs fólks á vinnumarkaði

Þeim störfum fer fækkandi þar sem hvorki er krafist framhaldsskólaprófs né æðri menntunar. Starfshæfni er því forsenda fyrir atvinnuþátttöku. Brottfall, þar sem fólk lendir utangarðs við vinnumarkað og samfélagið, er eitt helsta þjóðfélagsmeini á Norðurlöndum sem og annars staðar í Evrópu. Norrænu ríkin leggja því áherslu á að fólk ljúki námi. Þau vilja auðvelda nýmenntuðu fólki að komast út á vinnumarkað og koma þannig í veg fyrir atvinnuleysi ungs fólks.

Ekki er ráð nema í tíma sé tekið. Með starfsnámi og fjölbreyttri menntun, á öllum stigum menntakerfisins, á að vera hægt að fyrirbyggja brottfall. Í leikskólum er þegar hafist handa við að sporna gegn því að fólk lendi utangarðs. Því verður lögð áhersla í norrænu samstarfi á framboð fyrir börn á leikskólaaldri. Norðmenn munu á formennskuári sínu vekja máls á því hvernig vekja megi áhuga á starfsmennt og gera hana meira aðlaðandi. Ný norræn áætlun um menntun og rannsóknir hefur göngu sína á árinu 2012 en hún felur í sér aðgerðir til að koma í veg fyrir brottfall.

Mörg ungmenni, einkum piltar, hverfa úr námi eða vinnu og eiga við ýmis og margslungin vandamál að stríða. Með breiðu samstarfi opinberra þjónustuaðila má afnema hindranir og auðvelda ungu fólki að ná fótfestu á vinnumarkaði. Norðmenn munu á formennskuárinu leggja til að ríkin skiptist á reynslu af því hvernig opinberar stofnanir geta komið til móts við þarfir og hagsmuni ungmenna. Mennta- og vinnumálayfirvöld búa yfir flestum úrræðum á þessu sviði og vinna saman að því að veita fleirum starfshæfni, sem tryggir atvinnu.

Norðmenn munu leggja áherslu á þekkingu til að koma í veg fyrir brottfall ungmenna vegna heilsuleysis eða annars, meðal annars með því að veita

fleiri ungmennum með skerta starfsgetu aðgang að vinnumarkaði. Á formennskuárinu verður unnið að því að bæta menntun fyrir börn, ungmenni og fullorðna sem þarfnast sérlegrar aðstoðar og stuðnings. Leikskólar og skólar þurfa að vera betur í stakk búnir til að efla þroska og menntun barna og ungmenna sem eru með sérþarfir eða af erlendum uppruna.

Aukin þátttaka og virk elli

Langlífi eykst og margir búa við góða heilsu þrátt fyrir háan aldur. Það má m.a. þakka almennri velferð. Lýðþróun hefur í för með sér að hlutfall eldri borgara eykst. Greinileg tengsl eru á milli þeirrar þróunar og stefnu í byggðamálum. Huga þarf sérstaklega að strjálbýli og þar sem fjöldi íbúa hefur staðið í stað. Atvinnuþátttaka eldri borgara getur létt undir þeirri framfærslubyrði, sem breytt aldursskipting almennings hefur í för með sér. Engu að síður verða þeir, sem þörf hafa, að eiga kost á að yfirgefa vinnumarkaðinn með reisn.

Norðmenn vilja á formennskuárinu búa þannig um hnútana að vinnuafli eldri borgara, hæfni þeirra og mannauður nýtist betur og styrki þannig stoðir velferðarsamfélagsins. Eigi eldri borgarar að geta haldið lengur áfram á vinnumarkaði er mikilvægt að huga að vinnuumhverfi og gera vinnu- markaðinn aðgengilegri. Aukin atvinnuþátttaka eldri borgara kallar á hvata til að halda áfram að vinna og eins þarf að huga að efnislegum og sálfélags- legum aðstæðum. Á langri starfsævi þarf stöðugt að halda hæfni einstak- ingsins við og kallar það á gott framboð á símenntun. Árið 2012 er evrópskt ár virkrar elli og þá verður sjónum m.a. beint að því hvernig auka megi atvinnuþátttöku eldri borgara.

Stefna í öldrunarmálum felst einnig í því að auðvelda þátttöku á öðrum sviðum samfélagsins, eins og opinberu lífi og stjórnámálum, menntun, menningarlífi og sjálfböðastarfi. Í þessum aldurshópi er einnig brýnt að huga að jafnvægi milli vinnu og fjölskyldulífs. Virk öldrunarstefna á einnig að stuðla að bættri heilsu eldri borgara, að þeir haldist hressir og sjálfbjarga.

Alhliða hönnun (universal design) stuðlar að því að einstaklingar með skerta starfsgetu geti unnið og átt langa starfsævi. Hún felst einnig í breytingum á grunngerð og stefnu í húsnæðismálum. Ryðja þarf hindrunum úr vegi fyrir því að einstaklingar geti búið lengur heima hjá sér og ráðið við dagleg störf. Norðmenn munu á formennskuárinu leggja til að gerð verði norræn áætlun á sviði alhliða hönnunar.

„Í sveit“ – græn velferðarþjónusta í landbúnaði

Norskir bændur vilja eiga samstarf við aðra aðila í samfélaginu um að skipuleggja og þróa gæðatryggða þjónustu sem er til hagsbóta fyrir samfélagið. „Inn på tunet“ er norska heitið á umhverfissvænni velferðarþjónustu á sveitabæjum fyrir skóla, uppeldisstofnanir og heilbrigðis- og umönnunargeirann. Um 850 sveitabærir í Noregi bjóða nú upp á þjónustu á sviði geðheilsu, vímuefna, brottfalls úr skóla, heilabilunar, starfsþjálfunar og aðlögunar.

»Í sveit« kemur til viðbótar þeirri þjónustu sem sveitarfélögin bjóða upp á og gefur aukið færi á að mæta þörfum hvers einstaklings auk þess sem um er að ræða samstarf milli atvinnulífsins og hins opinbera. 64 norsk sveitarfélög taka þátt í þróunarstarfi sveitarfélaganna. „Í sveit“ heldur árlega ráðstefnu á landsvísu í Noregi og er hún mikilvægur vettvangur þar sem norrænni og alþjóðlegri þekkingu er miðlað og tengslanet eru mynduð. Víða á Norðurlöndum er unnið að rannsóknum á þessu sviði og því er mikilvægt að skiptast á reynslu og heimildum. Norðmenn vilja á formennskuárinu stuðla að því að þetta samstarf verði eftt.

Gæði í heilbrigðis- og umönnunarþjónustu

Heilbrigðis- og umönnunarþjónusta í norrænu löndunum tekur stöðugum breytingum. Meginatriði í gæðastarfi og öryggi sjúklinga er að vinna stöðugt að umbótum og menntun. Norrænu ríkjunum er akkur í því að bera saman reynslu sína af aðferðum og hvötum til að auka gæði í heilbrigðis- og umönnunarþjónustu.

Gæði í heilbrigðisþjónustu byggjast á samráði og samfelli í starfi. Í því sambandi má nefna líkön um hvernig hægt er að bregðast rösklega við sjúkdómum, sem spanna allt frá lýðheilsustarfi, forvörnum, tímabærri meðferð og sérþjónustu til endurhæfingar.

Á grundvelli þeirra sameiginlegu markmiða, sem norrænu ríkin hafa sett sér varðandi heilbrigðis- og umönnunarþjónustu í velferðarríki, munu Norðmenn leggja til að norrænu áætluninni um sjálfbæra þróun verði beitt sem fram-sýnna verkfæri til að bregðast við þjóðfélagsbreytingum. Þar má nefna góð samráðskerfi opinberra yfirvalda og einkageirans.

Hlutfall aldraðra eykst og því er nauðsynlegt að auka hæfni starfsfólks, mennta það, ráða það til starfa og halda því í öllu heilbrigðis- og hjúkrunar-kerfinu. Norðmenn munu leggja til að gert verði líkan, sem nær yfir þætti, sem skilað hafa árangri sem og fyrirmyndarverkefni.

Norrænu ríkin hafa um áráraðir átt samstarf á sviði lýðheilsu en á formennskuári Norðmanna eru áform um að efla það enn frekar.

Norrænn matur, heilsa og lífsgæði

Sjálfbært velferðarsamfélag byggist á því að almenningur sé hraustur og vinnufær. Mataræði og ánægja af mat, hreint vatn og virkur lífsstíll eru mikilvæg lífsgæði, sem hafa áhrif á heilsu fólks. Matur er verðmætasköpun, hann er uppspretta gleði og vellíðanar og hann er í öndvegi þegar fólk hittist og gerir sér dagamun. Í aðlögunarstarfi er máltíðin mikilvægur brúarsmiður milli menningarheima og eflir auk þess sjálfsmynd fólks. Prálátir sjúkdómar, sem herja æ meir á þjóðir Norðurlanda tengjast margir hverjir röngu mataræði og kyrrsetu. Þetta er dýrkeypt einstaklingnum sem og velferðarríkinur, eykur útgjöld til heilbrigðismála og bitnar á starfsfólki og verðmætasköpun. Formennskulandið hyggst leggja sérstaka áherslu á forvarnir á árinu 2012 og auka þannig lífsgæði einstaklingsins, langlífi og góða heilsu og draga úr félagslegum ójöfnuði þegar kemur að heilsufari almennings.

Hlutverk máltíðarinnar í norrænu mataræði snýst um matarmenningu. Eigi fólk að geta valið holl matvæli þarf að vera fjölbreytt framboð á góðum og ljúffengum matvörum. Forðabúr náttúrunnar stuðlar einnig að virkari lífsstíl. Formennskulandið heldur áfram með verkefni um Ný norræn matvæli enda stuðlar það að samkennd og stolti yfir norrænni matargerðarlist. Þannig má skapa atvinnu, verðmæti og mataræði, sem bætir heilsu og lífsgæði almennings. Norðmenn munu einnig á formennskuárinu vekja athygli á öryggi drykkjarvatns enda skiptir það sköpum fyrir matvælaframleiðslu og heilbrigði einstaklingsins.

Menning og aðlögun

Formennskulandið hefur sett sér það markmið að brjóta niður hindranir, sem koma í veg fyrir þátttöku í menningarlífi, og tryggja þannig að allir geti notið menningar, óháð kyni, uppruna, trúarbrögðum, efnahag, líkamlegu atgervi og aldri. Eigi allir að geta notið menningarlífs þarf að afnema hindranir, sem koma í veg fyrir að einstaklingar eða hópar geti nýtt sér það menningarframboð, sem fyrir er. Markmiðið hlýtur að vera að menning sé öllum opin, óháð menningarlegum og félagslegum uppruna eða búsetu. Þetta rímar við það starf, sem unnið hefur verið á Norðurlöndum, til þess að virkja fólk úr minnihlutahópum, eða af erlendum uppruna, í menningarlífi, bæði sem listflytjendur og þátttakendur.

Formennskulandið vill veita börnum og ungmennum aðgang að fjölbreyttri menningu og listum.

Menningarþátttaka barna og ungmenna þroskar sjálfsmýnd þeirra, sjálfskilning og vellíðan. Fjölbreytt menningarstarfsemi gefur börnum ýmsa möguleika til að tjá sig listrænt án tillits til félagslegra, efnahagslegra og menningarlegra marka.

Börn og ungmenni mæta yfirleitt menningu og listum í nánasta umhverfi sínu. Leggja ber áherslu á að skipuleggja fjölbreytt menningarlíf í nærsamfélaginu til þess að börn og ungmenni geti tekið virkan þátt í menningu og notið hennar. Norðmenn munu á formennskuárinu leggja áherslu á þessa og aðra mikilvæga þætti, þar á meðal samráð milli lista- og menningarlífs og leikskóla og grunnskóla/menntunar.



2. Grænt hagkerfi, þekking og nýsköpun


- Norðmenn vilja á formennskuárinu greiða götu græns hagkerfis. Grænt hagkerfi byggist á því að hagvöxtur og efnahagsþróun reyni ekki á þolmörk náttúrunnar, að staðið sé vörð um vistkerfin og ekki gengið á höfuðstól náttúrunnar. Norðmenn munu beita sér fyrir því að norrænu ríkin leggi sameiginlega af mörkum til að þoka alþjóðlegum loftslagsviðræðum fram á við.
- Fjárfesta þarf í þekkingu til að geta leyst ný og erfið viðfangsefni og auðvelda aðlögun í samfélaginu. Þar verður einkum hugað að samspili menntunar, rannsókna og nýsköpunar og gildi þess fyrir grænt hagkerfi sem og sjálfbærum heilbrigðis- og velferðarlausnum.
- Formennskulandið vill vekja athygli á Norðurlöndum sem skapandi og öflugum menningarsvæði.

Loftslagsmál og grænn hagvöxtur

Gífurlegur umhverfisvandi blasir við heiminum; loftslagsbreytingar, skert líffræðileg fjölbreytni, losun eiturefna, sem skaða heilsu og umhverfi sem og önnur mengun í andrúmslofti og vatni. Sá vandi verður aðeins leystur ef við breytum neysluháttum okkar og endurnýtum betur.

Norrænu hagkerfin starfa vel. Atvinna er mikil og með sífelldri aðlögun, rannsóknum, þróunarvinnu og nýrri tækni hefur okkur tekist að auka framleiðni umfram það sem íbúafjölgun nemur og því hefur hagsæld aukist. Fram að þessu hefur hagvöxtur ekki tekið nægilegt mið af ástandi umhverfis og andrúmslofts. Því þurfum við að skapa sjálfbært hagkerfi, sem felst ekki í því að fá lánað hjá komandi kynslóðum.

Grænt hagkerfi er leiðin út úr þeim ógöngunum. Vart var farið að ræða grænan hagvöxt fyrir en fjármálakreppan skall á haustið 2008. Meginboðskapurinn er að tryggja beri áframhaldandi hagvöxt en gæta um leið að sjálfbærni í framleiðslu og neyslu. Leiðin að sjálfbæru þjóðfélagi reynir á aðlögunarhæfni okkar en skiptir sköpum fyrir framþróun velferðar. Sagan hefur sýnt að við búum yfir ágætum hæfileikum til að finna lausnir á vanda.



**Norræn formennska í
svæðisbundnum ráðum og
stofnunum**

Norræna ráðherranefndin

2012: Noregur

2013: Svíþjóð

Barentsráð (BEAC)

Haustið 2011–2013: Noregur

Norðurskautsráð

Vorið 2011–2013: Svíþjóð

Eystrasaltsráð

Sumarið 2011–2012: Þýskaland

Sumarið 2012–2013: Rússland

ESB

Fyrri hluti árs 2012: Danmörk

Vandamál, sem krefjast úrlausnar, geta einnig falið í sér tækifæri, til dæmis í atvinnumálum. Markvissar aðferðir í samstarfi yfirvalda, atvinnulífs, þekkingargeira og félagasamtaka stuðla að sjálfbærri atvinnuþróun, sem byggist meðal annars á umhverfistækni. Þróun umhverfistækni, og beiting hennar, verður einnig að virkja hvetjandi á atvinnulífið til að auka hæfni til nýsköpunar, finna úrræði og auka skilvirkni. Yfirvöld þurfa að skapa rammaskilyrði, sem auka arðbærni góðra og umhverfissvænna lausna. Fjárfestingar í umhverfistækni þarf því að skoða í tengslum við þær reglur, kvóta og skatta, sem eiga að gera það kostnaðarsamt að menga umhverfið.

Grænt hagkerfi verður þungamiðja á formennskutímabili Dana í ESB á fyrri hluta árs 2012. Hin norrænu ríkin munu eiga náið samstarf við Dani í aðdraganda leiðtogafundar SP í Ríó í júní 2012. Stefnt er að því að norrænu ríkin leggi fram raunhæfar tillögur um hvernig stuðla megi að grænni þróun um allan heim, meðal annars með samþættingu kynja- og jafnréttis-sjónarmiða.

Norræn áætlun um sjálfbæra þróun verður endurskoðuð á árinu 2012. Í henni er einkum lögð áhersla á loftslagsmál og endurnýjanlega orku, sjálfbæra neyslu og framleiðslu, menntun og þróun velferðarríkisins. Á sama ári liggur fyrir að endurskoða framkvæmdaáætlun í umhverfismálum fyrir tímabilið 2013–2016.

Í alþjóðlegum loftslagsviðræðum verða norrænu ríkin að leggja enn meiri áherslu á röggsemi og góð úrræði, m.a. prófanir á nýjum aðferðum og tækjum og rannsóknir. Norðmenn munu á formennskuári sínu beita sér fyrir því að Norðurlönd taki af skarið við gerð metnaðarfulls samnings um loftslagsmál svo takast megi að takmarka hlýnun við tvö hitastig um allan heim.

Sjálfbært og grænt hagkerfi er einnig undir því komið að takast megi að draga úr rýrnun á líffræðilegri fjölbreytni og viðhalda öflugum vistkerfum. Heimskautasvæðin og norðurslóðir eru í hættu stödd. Verðlagning á náttúru getur verið ný aðferð til að verðsetja og miðla gildum náttúrunnar. Því munu Norðmenn halda áfram norrænu samstarfi um að búa til verðlagningarkerfi fyrir vistkerfabjónustu.

Norrænt samstarf um orkumál heldur áfram samkvæmt áætlun fyrir tímabilið 2010-2013. Orkumálasamstarfið stuðlar á margan hátt að grænum hagvexti og leiðir til góðra og framsýnna lausna. Norðmenn munu á formennskuárinu leggja áherslu á að unnið verði áfram að norrænum raforkumarkaði, að skapa endurnýjanlegri orku hagstæð skilyrði innan Norðurlanda og stuðla að betri orkunýtni í orkugeira og byggingaiðnaði á Norðurlöndum.



Rannsóknir, menntun og nýsköpun

Norræna velferðarlíkanið kallar á gott samspil innan þekkingarþríhyrningsins, þ.e. menntunar, rannsókna og nýsköpunar, enda stuðlar það að virðisauka þeirra fjárfestinga, sem gerðar eru. Menntun og rannsóknir örva hæfni til nýsköpunar en hún er undirstaða þess að hægt verði að fjármagna velferðarríki til framtíðar og styrkja þannig stöðu Norðurlanda í alþjóðlegri samkeppni.

Einkum ber að skoða hlutverk æðri menntunar í rannsóknum og nýsköpun til þess að vinna megi markvisst að þekkingarsköpun, til lengri tíma titið, á öllum landsvæðum og í nærsamfélögum Norðurlanda.

Þekkingarþríhyrningurinn er hugtak, sem notað er á Norðurlöndum og í Evrópu og nær yfir samspil menntunar, rannsókna og nýsköpunar. Norðmenn munu á formennskuárinu taka frumkvæði að því að kanna tækifæri, sem þekkingarþríhyrningurinn felur í sér. Í ljósi forgangsröðunar formennskulandsins verða hafnar viðamiklar aðgerðir á sviði þekkingarþróunar og nýsköpunar í heilbrigðis- og velferðarmálum. Aðgerðirnar taki til norræns þróunarstarfs en felist einnig í því að meta hvaða nýjum málum beri að fylgja eftir.

Norræna öndvegisrannsóknáætlunin í loftslags-, orku- og umhverfismálum (TFI) hefur vakið töluverða athygli víða í Evrópu. Hún er ein víðamesta norræna áætlun á sviði rannsókna og nýsköpunar. Norðmenn munu á formennskuárinu halda áfram að efla og auka sameiginlegar loftslagsaðgerðir landanna, en leggja áherslu á að þær byggji í auknum mæli á þekkingarþríhyrningnum. Markmiðið er að efla Norðurlönd sem rannsókn- og nýsköpunarsvæði og meta hvernig grænt hagkerfi getur orðið meira áberandi og samþættur hluti af því starfi.

Norrænn sköpunarkraftur

Formennskulandið hefur sett sér það mikilvæga markmið að efla og þróa sameiginlegan norrænan markað fyrir menningartengd störf og menningarafurðir. Með því að víkka markaðinn til allra landanna mætti auka hagvöxt og fjölga störfum á Norðurlöndum og auka þannig tekjur listafólks og starfsmanna í menningargeira. Að efla norrænt samstarf á þessu sviði og gera það meira skuldbindandi myndi væntanlega auka alþjóðleg áhrif landanna.

Norðmenn munu á formennskuárinu vekja athygli á Norðurlöndum sem skapandi og öflugum menningarsvæði.

Það er mikilvægt fyrir nýsköpun og atvinnuþróun í matvælaíðnaði að mynduð verði tengslanet þar sem skipst er á reynslu af framleiðslu, vöruþróun, markaðssetningu og dreifingarmálum. Þverfagleg tengsl geta skapað dýrmæt tækifæri. Matvælaframleiðsla og matargerð veita líka upplifun eins og aðrar skapandi atvinnugreinar, svo sem tónlist og hönnun. Því er ástæða til að viðurkenna matargerðarlist sem skapandi atvinnugrein. Norræn hönnun er alþjóðlega viðurkennt gæðahugtak. Norðmenn munu á formennskuárinu koma á tengslaneti milli matvælaframleiðenda, matreiðslumeistara og annarra skapandi atvinnugreina í löndunum. Þannig má stuðla að nýsköpun, opna nýja markaði og leggja grundvöll að meiri verðmætasköpun.

skull

spruta

språk sa

tionsmodell

skrift, skrift

erat, erat

erat, erat

3. Norræn samheldni

- Norrænt samstarf byggir á menningartengslum þjóðanna og tungumálasamfélagi þeirra. Hlúa þarf betur að tengslum þjóðanna til þess að varðveita megi kraftinn í norrænu samstarfi. Hreyfanleiki á milli landa eflir tengsl þjóðanna og sameiginlegan vinnumarkað á Norðurlöndum.
- Aukið jafnrétti og starf gegn mismunun er meginatriði í formennskuáætlun Norðmanna. Jafnrétti og jöfnuður eru grunngildi í vönduðum velferðarlausnum og sjálfbærri samfélagsþróun.
- Miklu máli skiptir fyrir hinn almenna borgara að ríkin vinni áfram að afnámi stjórnsýsluhindrana. Norðmenn munu á formennskuárinu halda áfram því öflugra starfi, sem miðar að því að fyrirbyggja og afnema stjórnsýsluhindranir og samtímis stuðla að því að þetta mikilvæga starf verði kynnt í löndunum.
- Samstarfi við grannsvæði Norðurlanda verður haldið áfram á formennskuári Norðmanna.

Tungumál

Norrænn málskilningur byggir nú sem fyrr á samskiptum fólks. Því er brýnt að virkja nýja Norðurlandabúa og vekja áhuga þeirra og skilning á norrænu samstarfi. Sérstaða tungumálasamfélags á Norðurlöndum felst í pólitískum vilja til að halda því við.

Í kjölfar hnattvæðingar standa Norðurlandabjóðirnar nú frammi fyrir mörgum nýjum viðfangsefnum á sviði tungumála. Fyrir vikið hefur norrænn málskilningur þurft að víkja. Nýjar rannsóknir sýna að skilningi á tungumálum grannþjóðanna hefur farið aftur. Minni skilningur á grannmálunum rýrir einnig upplifun af norrænni samheldni.

Því er einnig í þessari formennskuáætlun markmið um að efla norrænt tungumálasamfélag. Norðmenn munu beita sér fyrir því að Norðurlandamálin verði sýnilegri innan menntakerfisins en einnig í fjölmiðlum, sjónvarpi, kvikmyndum og öðrum hljóð- og myndmiðlum. Norrænu tungumálin verða að vera aðgengilegri í riti og tali, í bókmenntum og listrænum flutningi.

Í norrænni samstarfsáætlun um menningarmál (2010–2012) er lögð áhersla á að efla norrænan málskilning og aðgerðir fyrir börn og ungmenni. Formennskulandið hyggst efla þær aðgerðir enn frekar.

Jafnréttismál

Aukið jafnrétti og starf gegn mismunun eru mikilvæg verkefni í formennsku-áætlun Norðmanna og verða þau tengd hinum ýmsu samstarfssviðum. Jafnrétti felst í því að nýta allan mannauð, óháð kyni, líkamlegu atgervi, uppruna eða kynhneigð. Drengir og karlar njóta góðs af jafnréttisþjóðfélagi. Jafnréttisþjóðfélag skapar fleiri efnahagsleg og félagsleg verðmæti. Jafnréttisstefna spannar öll svið samfélagsins, þar á meðal stjórn mála-þátttöku, efnahagslegt sjálfstæði, samfélag án ofbeldis, vinnumál og jafnræði í foreldrahlutverkinu.

Jöfn tækifæri og réttindi kvenna og karla eru grundvallarmannréttindi. Auk þess er jafnrétti arðbært. Jöfn tækifæri fyrir alla, karla sem konur, tryggja félagslegar, efnahagslegar og pólitískar framfarir á Norðurlöndum. Viðfangsefni í jafnréttismálum eiga við um allan almenning. Huga ber að því að hver einstaklingur er á ákveðnum aldri, af ákveðnum uppruna og hefur ákveðna kynhneigð. Enn fremur eiga sumar manneskjur við fötlun að stríða. Allir þessir þættir fela í sér ólíkar áskoranir fyrir karla sem konur og sú staðreynd þarf að vera sýnilegri í norrænu samstarfi um jafnréttismál.

Formennskulandið mun efna til pólitískrar umræðu um hvort leggja beri áherslu á fjölbreytileika í norrænni stefnumótun, sem nær til jafnréttis og sömu kjara. Þá geta löndin eftt samstarfið enn frekar með því að bera saman reynslu sína og beita sameiginlegum áhrifum á evrópskt samstarf á þessu sviði.

Raunverulegt jafnrétti á Norðurlöndum kallar á að karlar, jafnt sem konur, endurskoði hefðbundið val sitt á menntun, atvinnuþátttöku og ábyrgð sem foreldri. Jafnréttisstefna verður að taka mið af nýjum viðfangsefnum í samfélaginu og bregðast við þeirri menningarlegu og félagslegu fjölbreytni, sem ætíð er til staðar í samfélaginu.

Markmið formennskulandsins er að samstarf um jafnréttismál:

- Veiti konum og körlum jöfn réttindi og vinni gegn allri mismunun
- Tryggi konum og körlum raunverulegt jafnrétti með því að breyta valdahlutföllum, ábyrgð og umönnun.
- Skoði kyn í ljósi uppruna, kynhneigðar, líkamlegs atgervis og aldurs.

Jafnrétti er því þungamiðja í *Velferðarríki frá norrænum sjónarhóli*. Á formennskuári Norðmanna 2012 hefst annað ár af samstarfsáætluninni *Jafnrétti skapar sjálfbært samfélag* en hún nær yfir tímabilið 2011-2014. Í formennskuáætlun í jafnréttismálum fyrir árið 2012 verður sérstök áhersla lögð á: Samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða og Virka þátttöku karla/





drengja. Eins munu Norðmenn taka frumkvæði að viðræðum um jafnréttismál í háskólasamfélaginu. Þrátt fyrir fögur orð á jafnrétti í rannsóknahæminum enn langt í land.

Börn og fjölskylda

Örugg æska og farsælt fjölskyldulíf skipta sköpum fyrir þroska barna. Rannsóknir sýna að vanræksla, fjölskylduátök og upplausn heimilis geta valdið sálrænum og félagslegum vandamálum hjá börnum og foreldrum. Mikilvægt er að ná snemma til þeirra barna og fjölskyldna, sem eiga um sárt að binda. Slæmar heimilisaðstæður eru dýrkeyptar fyrir samfélagið án þess þó að vitað sé nákvæmlega um kostnaðinn sem þeim fylgir. Norðmenn hyggjast efla norrænt samstarf um öflun þekkingar og reynslu af úrræðum fyrir börn, fjölskyldur og þjóðfélagið.

Stjórnsýsluhindranir

Góður og skilvirkur vinnumarkaður á Norðurlöndum á að gera launþegum kleift að starfa í nágrannalöndunum. Lög í hverju landi, reglugerðir og túlkun þeirra geta reynst því fólki fjötur um fót, sem vill starfa annars staðar á Norðurlöndum. Norðmenn vilja á formennskuárinu halda áfram norrænu samstarfi um raunhæfar lausnir á stjórnsýsluhindrunum. Eins verður áfram unnið að afnámi stjórnsýsluhindrana í atvinnulífi. Skýrslur um stjórnsýsluhindranir á félags- og vinnumálasviði verða kynntar á formennskuári Norðmanna og munu þær koma að góðu gagni í áframhaldandi starfi.

Enn sem áður er aðkallandi að afnema og fyrirbyggja stjórnsýsluhindranir á vinnumarkaði Norðurlanda, liðka fyrir hreyfanleika á milli svæða og gera norrænan vinnumarkað meira aðlaðandi og aðgengilegri. Norrænu ríkin þurfa m.a. að hafa samráð um framkvæmd ES-reglugerða á vinnumála- og félagssviði til þess að fyrirbyggja nýjar stjórnsýsluhindranir.

Norðmenn vilja tryggja hreyfanleika námsfólks innan Norðurlanda með því að veita því aðgang að æðri menntun í norrænu grannríkjunum og tryggja að próf þeirra og menntun verði viðurkennd. Milliríkjasamstarf og afnám stjórnsýsluhindrana eru þungamiðja í norrænu samstarfi um byggðamál. Það á einnig við um 13 norrænar landamæranefndir, Interreg-millisvæðasamstarfið og ýmsa starfshópa um byggðamál. Á þann hátt er hægt að leysa ýmsar áþreifanlegar og hagkvæmar stjórnsýsluhindranir fljótt og vel.

Nágrannar Norðurlanda

Samstarf við grannsvæði Norðurlanda er mikilvægur þáttur í starfsemi ráðherranefndarinnar. Norðmenn munu halda áfram að hrinda í framkvæmd aðgerðaáætlunum um samstarf ráðherranefndarinnar við Eistland, Lettland og Litháen auk Norðvestur-Rússlands. Áætlanirnar gilda til ársloka 2013 en á formennskuári Norðmann verður hafist handa við að móta grannsvæðastefnu ráðherranefndarinnar eftir 2013. Þá verður áætlunum ráðherranefndarinnar um samstarf við Hvíta-Rússland og nágranna Norðurlanda í vestri fylgt eftir og hrint í framkvæmd. Þá verður nýrri samstarfsáætlun um heimskautasvæðin 2012–2014 ýtt úr vör á formennskuári Norðmanna.

Í framhaldi af skýrslu Stoltenbergs

Skýrsla Thorvalds Stoltenberg um norræn utanríkis- og öryggismál (2009) fól í sér athyglisverðar hugmyndir og tillögur að raunhæfum aðgerðum.

Norræna samstöðuyfirlýsingin frá árinu 2011 er skýrt merki um vilja ríkjanna til að efla utanríkis- og öryggismálasamstarf enn frekar.

Norðmenn verða leiðandi afl í því að efla norrænt utanríkis- og öryggissamstarf. Unnið er að því að fylgja samstöðuyfirlýsingunni eftir, meðal annars með samstarfi um stafrænt öryggi. Þá er verið að kanna hvort hægt er að efla norrænt samstarf um samfélagsöryggi. Utanríkisþjónustur Norðurlanda vinna æ þéttar saman og norrænt varnar- og öryggissamstarf eflist stöðugt.





norden

Norræna ráðherranefndin

Ved Stranden 18
DK-1061 København K

www.norden.org



**Nordisk sekretariat,
Utenriksdepartementet**

7. juni-plassen
N-0251 Oslo

Sími: +47 23 95 05 57

ANP 2011:725
ISBN 978-92-893-2268-3

